

1. Áætlun viðgerð á framvara kr. 216.40
2. Bætur fyrir afnotamissi í 2 daga, kr. 80.00 á dag — 160.00

Alls kr. 376.40

Við munnlegan flutning málsins var viðurkennt af hálfu aðalstefnanda, að tjón gagnstefnanda mundi hafa numið fjárhæð þeirri, sem gagnstefnt var fyrir, og verður því gagnkrafan tekin til greina. Af henni ber aðalstefnanda að greiða $\frac{1}{3}$ hluta eða kr. 125.47.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnstefnandi verður dæmdur til að greiða kr. 1273.94 (kr. 1399.41 ÷ 125.47) með 6% ársvöxtum, en upphafstími þeirra ákveðst að vera stefnudagur. Þá þykir rétt, að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 400.00 í málskostnað.

Vegna mikilla anna hefur dómsuppsaga í máli þessu dregið nokkuð. Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Friðbjörn Jósafatsson, greiði aðalstefnanda, Hauki Kristjánssyni, kr. 1273.94 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. marz 1953.

Nr. 179/1952. **Ákærvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn

Skapta Davíðssyni (Magnús Thorlacius)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á 257. gr. og 259. gr. hegningarlaga.
Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi er sannað, að ákærði hafi á nokkurn hátt staðið að því, að jarðvegi var rutt með jarðýtu ofan í skurði við veg þann, er í málinu greinir. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af broti á 257. gr. laga nr. 19/1940. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber einnig að sýkna ákærða af broti á 259. gr. sömu laga.

Þar sem ákærði hefur samkvæmt framansögðu eigi gerzt

sekur um verknað, sem felur í sér brot, er opinberri máls-höfðun skal sæta, brestur heimild samkvæmt 23. gr. laga nr. 27/1951 til að dæma í máli þessu um ákæru fyrir brot á 29. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að vísa þessu ákæruatriði frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2000.00.

Dómsorð :

Ákærði, Skapti Davíðsson, á að vera sýkn af ákæru fyrir brot á 257. og 259. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæru fyrir brot á 29. gr. laga nr. 18/1949 vísast frá héraðsdómi.

Allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Theódórs B. Línals hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2000.00.

Dómur sakadóms Árnassýslu 29. sept. 1952.

Ár 1952, mánudaginn 29. september, var í sakadómi Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 57/1951, ákæruvaldið gegn Skapta Davíðssyni, sem dómtekið var þá samdægurs.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Skapta Davíðssyni, bónda í Útey í Laugardalshreppi, með ákæruskjali svohljóðandi:

Dómsmálaráðherrann gerir kunnugt:

Að höfða ber opinbert mál á hendur Skapta Davíðssyni bónda, til heimilis að Útey II í Laugardalshreppi í Árnassýslu, f. 15. janúar 1887 í Reykjavík, fyrir að hafa brotið lögbann um umferð eftir vegi að Útey I í nefndum hreppi, er lagt var á með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. maí 1951, en brot þetta er talið varða við 29. grein laga nr. 18/1949 og 1. mgr. 259. gr. laga nr. 19/1940 svo og fyrir að hafa í heimildarleysi mokað

ofan í skurði við nefndan veg, en það brot er talið varða við l. mgr. 257. gr. síðastnefndra laga. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsmálaráðuneytið, 8. júlí 1952.

F.h.r.

Gústaf A. Jónasson.

/Ragnar Bjarkan.

Ákærði hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Atvik málsins eru þessi:

Með dómi aukaréttar Árnessýslu hinn 11. júlí 1949 var staðfest lögbann, sem lagt var í fógetarétti Árnessýslu þann 6. júní sama ár við umferð Skapta Daviðssonar, Davíðs Jóhannessonar og Ólafs Davíðs Daviðssonar um veg Jónasar Hvannbergs frá Þjóðvegi að túngirðingu Úteyjar I, að öðru leyti en því, að undan lögbanninu er skilin umferð um þann kafla vegarins, sem liggur milli heimreiðar Úteyjar II og þess staðar, sem væntanlegur Austureyjarvegur kemur á hann. Með dómi Hæstaréttar hinn 4. maí 1951 var dómur þessi staðfestur.

Hinn 9. ágúst 1951 kærði eigandi nefnds vegar (Úteyjarvegur) yfir óheimilli notkun ákærða í máli þessu á veginum og 21. sept. 1951 kærir hann yfir því, að ákærði hafi á allöngu svæði fyllt af mold og jarðvegi skurð fyrir norðan umræddan veg og með framhaldskæru 1. júlí 1952 kærir hann yfir því, að ákærði hafi fyllt upp í skurð sunnan vegarins á um 200 metra svæði.

Verða nú rakin nokkuð kæruatriðin hvort fyrir sig.

Annars vegar kæra vegna brots á lögbanni og hins vegar kæra vegna uppfyllingar á skurðum meðfram Úteyjarvegi.

I

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi aldrei, síðan lögbann var lagt við umferð hans um umræddan veg, notað hann til aðdrátta að búi sínu, hvorki fengið bifreiðar heim né farið með vagna um veginn.

Þó kveðst hann veturinn 1950—1951 hafa verið á leið meðfram veginum með vagnhest og þá lent í holklaka og verið hræddur um, að hesturinn stórmeiddist. Kveðst hann þá hafa farið upp á Úteyjarveg og ekið hann heim.

Þá kveðst ákærði einnig oft hafa farið gangandi eftir Úteyjarvegi. Hann kveðst ekki hafa farið veginn riðandi, nema innan girðingar, þar sem hann liggur í landi hans, og eins séu kýr hans ekki reknar lengra eftir veginum.

Ákærði neitar því, að bifreiðar hafi farið um veginn samkvæmt hans beiðni. Hins vegar hafi allmargir gestir komið heim til hans á bifreiðum og þá notað veginn. Hann segir, að strákur, sem var hjá honum, hafi stundum farið á reiðhjóli um veginn.

Vitnið Magnús Eiríksson, bóndi í Útey I, skýrir svo frá, að ábúendur Úteyjar II fari að jafnaði um Úteyjarveg, bæði gangandi og hjólandi og

riðandi. Auk þess kveðst vitnið einu sinni veturinn 1950—1951 hafa mætt Skapta Davíðssyni á veginum með tvo vagnhesta. Ennfremur kveðst vitnið oft hafa orðið vart við ferðir bifreiða heim að Útey II, en það veit ekki, hverra erinda þær hafa farið. Vitnið segir, að kýr ákærða hafi stundum verið reknar eftir Úteyjarvegi út að girðingu, til að koma þeim í haga.

Vitnið Gunnar Hvannberg, sonur kæranda, hefur borið það, að fólkið í Útey II hafi farið Úteyjarveg bæði gangandi og þó aðallega hjólandi.

Sonur ákærða, Einar Dagfinn Davíðsson, hefur skýrt svo frá, að þeir í Útey II hafi ekki notað Úteyjarveg, nema þar sem hann liggur í gegnum túngirðingar þeirra og einhvern hluta af þeirri vegalengd megi þeir fara samkvæmt ákvæðum landskiptagerðar milli jarðanna I og II. Hinn hluta vegarins segir vitnið, að þeir hafi ekki notað síðan lögbann var lagt við notkun vegarins, nema að þeir fari stundum um hann gangandi, og sjálfst kveðst vitnið stundum fara um hann á reiðhjóli. Vitnið segir, að þeir hafi aldrei fengið bifreið heim til sín um Úteyjarveg.

Í 29. gr. laga nr. 18/-949 um kyrrsetningu og lögbann segir, að sókn sakar út af broti á þeirri grein eigi gerðarhafi.

Með hliðsjón af 23. gr. laga nr. 27/1951 ber þó að dæma ákærða fyrir brot á nefndu lagaákvæði.

Við rannsókn málsins hefur ekki komið í ljós önnur notkun ákærða á veginum en gangur um hann og eitt sinn umferð um hann með hestvagn, þegar brýn nauðsyn virtist hafa heimilað honum slíka notkun.

Verður ekki talið, að þessi notkun ákærða á veginum brjóti í bága við 259. gr. almennra hegningarlaga, enda ekki í ljós leitt, að kærandi hafi beðið tjón af þessari notkun, og verður því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga.

II

Ákærða er gefið að sök, að hann hafi látið moka ofan í skurði með fram Úteyjarvegi og er það talið varða við 257. gr. almennra hegningarlaga.

Í kæru sinni hinn 21. sept. 1951 segir kærandi, að undanfarna daga hafi jarðýta verið við jarðvinnslu fyrir Skapta Davíðsson að Útey II. M. a., sem gert hafi verið með ýtu þessari, sé það, að á kafla með fram einkavegi hans hafi verið ýtt til jarðvegi ofan í skurð þann, sem er Laugarvatnsmegin við veginn. Hafi skurðurinn verið alveg fylltur af mold og jarðvegi á allöngu svæði.

Í kæru sinni hinn 1. júlí 1952 telur kærandi, að fyllt hafi verið upp í skurð sunnan vegarins á um 200 m svæði. Vitnið Gunnar Hvannberg, sonur kæranda, skýrir svo frá, að fimmtudaginn 20. sept. 1951 hafi jarðýta, sem vann í þágu ákærða, ýtt jarðvegi ofan í skurð norðan við Úteyjarveg. Segir vitnið, að Einar, sonur ákærða, hafi sagt þetta gert samkvæmt fyrirsögn sinni. Daginn eftir vann jarðýtan fyrir ákærða sunnan vegarins, og kveður vitnið þá, að fyllt hafi verið upp í vegarskurðinn þeim megin.

Vitnið Ólafur Þorsteinsson, stjórnandi jarðýttunnar, kveðst hafa unnið með jarðýtu fyrir ákærða. Kveðst vitnið hafa mokað ofan í skurði með fram Úteyjarvegi á tveimur stöðum og kveðst hafa gert það samkvæmt fyrirskipun Einars Davíðssonar.

Vitnið segir, að þegar jarðvinnslan hófst sunnan vegarins, hafi áður nefndur Einar ákveðið, hvar vinna skyldi. Skipaði hann vitninu að vinna alveg norður að veginum og tók fram, að skurðurinn, sem með fram honum var, ætti að hverfa. Kveðst vitnið hafa gert þetta, brotið landið að veginum og fyllt skurðinn.

Ákærði kveðst engan þátt hafa átt í því, að jarðýtan hafi verið látin ryðja ofan í vegarskurðinn með fram Úteyjarvegi.

Vitnið Einar Dagfinn Davíðsson kveðst hafa stjórnað jarðvinnu jarðýtu, sem vann í landi föður hans 20. og 21. sept. 1951, og meðal annars hafi það fyrirskipað að fylla upp í ræsi með fram veginum. Norðan vegar kveðst vitnið hafa gert vatnsrás úr vegarskurðinum að ræsi, sem liggur gegnum veg, sem það var að gera með fram Úteyjarvegi.

Að því er viðvíkur skurðinum sunnan vegarins skýrir vitnið svo frá, að það hafi lagt fyrir stjórnanda jarðýttunnar að fara eins nærri girðingunni með fram veginum og unnt væri, þar eð girðingin ætíð að hverfa og ræktunin að ná alveg að veginum.

Vitnið segir, að aðeins vestast á þessu svæði hafi verið skurður með fram veginum, en á aðalsvæðinu hafi veginum verið ýtt upp með jarðýtu og því enginn skurður með fram honum. Vitnið segir, að ekki komi til mála, að vatn geti komið á veginn þarna úr flaginu, því það hafi afrennsli gegnum túnið nær bænum. Auk þess sé aðdragandi að vatnsrennsli mjög lítill.

Við skoðun, er dómariinn framdi hinn 29. ágúst s.l. á stöðum þeim með fram Úteyjarvegi, sem kært hefur verið yfir, að ákærði hafi mokað ofan í, kom í ljós, að lagfærðir hafa verið hinir umræddu kaflar norðan vegar.

Sunnan vegar hefur að vísu verið herfað yfir að vatnsrás, sem virðist hafa verið meðfram veginum á nokkrum hluta leiðarinnar, og hefur barmurinn á vatnsfarveginum herfast niður að sunnan og ef til vill einhver mold hrunið ofan í hann á kafla. Á nokkrum kafla leiðarinnar eða frá bugðunni á veginum næst vestan við heimreið að Útey II og austur að vegamótum, verður ekki séð, að neinn skurður eða vatnsrás hafi verið sunnan vegar.

Samkvæmt framanrituðum gögnum verður eigi talið sannað, að vegur kæranda hafi spillzt vegna aðgerða ákærða eða starfsfólks hans á ræsum með fram veginum, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákæru vegna þessa meinta brots.

Samkvæmt ofanrituðu ber að sýkna ákærða að ákæru vegna brota á 259. og 257. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar dæma hann til refsingar fyrir brot gegn 29. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögban. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs og komi 2 daga varðhald í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með hliðsjón af 141. gr. laga nr. 27/1951 þykir rétt, að ákærði greiði kr. 500.00 af kostnaði máls þessa. Annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða þykja hæfilega ákveðin 1000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Skapti Davíðsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði í sakarkostnað kr. 500.00. Annar sakarkostnaður greiðst úr ríkissjóði. Skipuðum verjanda ákærða, Magnúsi Thorlacius hrl., greiðist kr. 1000.0 í málsvarnarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1953.

Nr. 13/1952. **Jón E. Kristjónsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Ólafi Árnayni f. h. ólögráða sonar hans,
Árna Ólafssonar (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1952. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 5. marz 1952. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 80.609.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og viðurkenningar á lögveðrétti í bifreiðinni R 5639 (áður R 122) til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eins og atvikum að slysi því, er í málinu greinir, var háttað,